



Áætlun gegn einelti og ofbeldi

Waldorfskólinn Sólstafir

Í 30 gr. laga um grunnskóla, nr.91/2008 segir m.a.:

...Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi. Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun.

Í 7 gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 segir:

Aðgerðir skóla gegn einelti taki til skólans í heild, einstakra bekkjardeilda, námshópa og einstaklinga. Hver kennari ber ábyrgð á að framfylgja með virkum og ábyrgum hætti aðgerða –áætlun skólans gegn einelti og skólastjóri ber ábyrgð á að starfið sé samhæft.

Í Waldorfskólanum Sólstöfum eru einelti og ofbeldi ekki liðið. Forvarnarstarf gegn einelti og ofbeldi er lagt inn í daglegu lífi skólans með fyrirmynd kennara og starfsfólks og með því að leggja inn kærleiksrík lífsgildi í öllum samskiptum og starfi með nemendum. Komi fram vísbendingar eða tilkynningar um eineltis eða ofbeldishegðun eða að barn hafi orðið fyrir ofbeldi, kynferðisofbeldi eða kynbundnu ofbeldi er það skylda skólans að bregðast við.

Samvinna heimilis og skóla er einnig lykilatriði að árangri í glímunni gegn þessu.

Í þessari áætlun er sett fram skilgreining á því hvað er einelti, ofbeldi og kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og farið yfir það hvernig skólinn hagar forvörnum gegn einelti og/eða ofbeldi, viðbragðsáætlun ef um einelti eða ofbeldi er að ræða, viðbragðsáætlun ef grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og aðgerðaráætlanir sem skólinn vinnur eftir í slíkum málum.

Hvað er einelti?

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt og/eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einstaklingi sem á erfitt með að verjast.

Framferðinu er stýrt af einstaklingi eða hópi og beinist að einum aðila sem ekki tekst að verja sig. Einelti felur í sér eina eða fleiri birtingarmyndir t.d. að einstaklingurinn er tekinn fyrir með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum, munnlega eða gegnum tölvu og símasamskipti, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi, líkamlegri misbeitingu og eyðileggingu eigna eða félagslegri höfnun og útskúfun úr hópi.

Einelti felur í sér misbeitingu á valdi með þeim afleiðingum að þolanda líður illa og hann finnur til varnarleysis og ótta. Einelti getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir líkamlega og andlega heilsu þolanda.

Polandi eineltis vill oft ekki segja frá vegna ótta um frekari skaða og þess vegna er mjög mikilvægt að allir þekki einkenni eineltis.

Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti

Kennarar og starfsfólk:

Umsjónarkennarar bekkja eru í lykilaðstöðu til að vinna forvarnarstarf gegn einelti. Þeir vinna með félagsmótun bekkja, leggja áherslu á að efla bekkjaranda og sýna gott fordæmi með samskiptum sínum í skólanum.

Þeir ræða um einelti við nemendur sína og brýna fyrir þeim að einelti sé ekki liðið í skólanum og hvernig bregðast eigi við ef nemandi verður vitni að einelti.

Allt starfsfólk skólans sé meðvitað um að forvarnir gegn einelti felast í góðum samskiptum, góðum skólabrag og virðingu og umhyggju í öllu skólastarfi.

Kennarar og starfsfólk þurfa að vera tilbúin að hlusta á nemendur og ríkja þarf traust á milli nemenda og starfsfólks. Trúnaður er oft forsenda þess að greint sé frá einelti eða ofbeldi.

Kennarar og starfsfólk séu meðvituð um skólareglur og þær innihaldi ákvæði um góð samskipti og virðingu.

Kennarar og starfsfólk sjái til þess að gæsla í frímínútum og á öllu svæði skólans sé þess eðlis að hún fyrirbyggi einelti og ofbeldi.

Nemendur:

Nemendur séu meðvitaðir um sína ábyrgð í því að skapa góðan skólabrag og góðan bekkjaranda.

Nemendum sé ljóst að komi upp alvarlegur ágreiningur geti þeir ávallt leitað eftir aðstoð hjá kennurum og starfsfólki skólans.

Nemendur taki afstöðu gegn einelti í hverjum bekk fyrir sig með fræðslu frá umsjónarkennara sínum og umræðu um hvar gera skuli ef nemendur verða varir við einelti.

Nemendur séu reiðubúnir að hjálpa og benda kennurum og starfsfólki á ef þeir verða varir við einelti í skólanum.

Ábyrgð

Vakni grunur um einelti á að láta umsjónarkennara viðkomandi nemanda vita sem síðan ber ábyrgð á að koma upplýsingum til eineltisteymis skólans. Stjórn skólans ber ábyrgð á úrvinnslu og skráningu eineltismála innan skólans.

Allir kennarar skólans starfa saman í eineltisteymi ásamt stjórn skólans. Hlutverk teymisins er að halda utanum og stýra vinnslu þeirra eineltismála sem upp koma. Eineltisteymi getur einnig snúið sér til þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis varðandi aðstoð fagfólks við úrvinnslu eineltismála.

Nemendaverndarráð sé upplýst um vinnu eineltismála.

Eineltisteymi sjái um að kanna reglulega líðan nemenda í skólanum og að nemendum sé veitt fræðslu um birtingarmyndir eineltis, t.d. neteinelti og viðbrögð við því.

Stjórn skólans ber ábyrgð gagnvart foreldrum og nemendum skólans á að gæsla sé góð í frímínútum, á skólalóð, á göngum og í búningsherbergjum v. sundkennslu.

Foreldrar:

Foreldrum ber að rækta hjá börnum sínum góð lífsgildi, að bera virðingu fyrir öðrum og hvetja þau til góðra samskipta við skólafélaga sína og kennara og starfsfólk skólans.

Foreldrar láti börn sín vita að þeir séu alltaf til staðar og tilbúnir að hlusta á þau og veita þeim stuðning varðandi líðan í skólanum.

Foreldrar séu upplýstir um stefnu skólans í eineltismálum og þeir hvattir til að taka afstöðu og vinna með skólanum að því að uppræta einelti.

Foreldrar hafi samband við umsjónarkennara barns síns ef þá grunar að einelti eigi sér stað í skólanum.

Kannanir og upplýsingar:

Foreldrar barns sem verður fyrir einelti í skólanum fái upplýsingar um það eins fljótt og auðið er og sé gerð grein fyrir aðgerðaáætlun skólans varðandi einelti og hvað skólinn muni gera til að tryggja öryggi barnsins.

Einfaldar kannanir séu lagðar fyrir nemendur varðandi líðan og samskipti sem hæfa aldri nemenda. Umsjónarkennarar sjái um úrvinnslu þeirra.

Viðbragðsáætlun vegna eineltis.

Komi ábending um einelti er viðbragðsáætlun um einelti sett í gang.

Áætlunin er sveigjanleg þannig að eineltisteymi skólans metur hverju sinni hvort bregða þurfi út af henni.

Áætlunin er ávallt unnin í samráði við viðkomandi foreldra.

1.þrep- Athugun

- 1. Umsjónarkennari viðkomandi bekkjar kallar foreldra þolanda á fund og fer yfir tilkynningu um einelti með þeim. Foreldrar eru upplýstir um það hvernig unnið verður samkvæmt áætlun í málinu.**
- 2. Umsjónarkennari kallar eineltisteymi skólans á fund. Ákveðnar eru aðgerðir til að tryggja öryggi þolandans. Umsjónarkennari þolanda og einn aðili úr eineltisteymi skólans eru skilgreindir sem ábyrgðaraðilar málsins.**
- 3. Á þessum fundi er gerð áætlun um athugun í þeim árgangi þar sem grunur leikur á einelti. Umsjónarkennari talar við nemendur í bekknum til að varpa ljósi á ástandið.**
- 4. Umsjónarkennari aflar sér upplýsinga hjá öðrum kennurum og starfsfólki skólans varðandi málið.**
- 5. Ef þörf er talin á skal lögð tengslakönnun fyrir bekkinn.**
- 6. Þetta athugunarferli á í mesta lagi að taka eina viku.**
- 7. Nemendarverndarráð er upplýst um að vinnsla í eineltismáli sé hafin.**

2.þrep – Úrvinnsla

Að viku liðinni kemur eineltisteymi skólans saman og fer yfir niðurstöður. Ef í ljós kemur að um einelti er að ræða eru næstu skref ákveðin.

- 1. Gerð er grein fyrir meintum þolendum og gerendum og markmið sett.**
- 2. Foreldrar gerenda eru boðaðir á fundi hjá umsjónarkennara og einum aðila úr eineltisteymi skólans sem fer yfir skriflega tilkynningu og lýsingu á eineltinu.**
- 3. Foreldrar þolanda eru upplýstir um framvindu málsins.**

4. Foreldrar í viðkomandi bekkjardeild eru upplýstir um að eineltismál hafi komið upp og að vinna samkvæmt eineltisáætlun skólans sé komin í gang.
5. Umsjónarkennari tekur einstaklingsviðtöl við þolanda og aðili úr eineltisteymi skólans við gerendur þrisvar yfir 5 vikna tímabil.
6. Á því tímabili geta gerendur og þolendur hist á sameiginlegum fundi ásamt umsjónarkennara, stuðningsaðila og foreldrum ef það er talið ákjósanlegt.
7. Stöðufundur eineltisteymis er haldinn eftir 4 vikur til að meta úrvinnslu málsins.
8. Þolanda er boðið uppá sjálfsstyrkingarviðtöl hjá hjúkrunarfræðingi skólans/ráðgjafa þjónustumiðstöðvar.
9. Umsjónarkennari ræðir við bekkinn á fundi þar sem skoðað er hvar hver og einn getur lagt af mörkum til að laga ástandið og vinnur með bekknum að bættum samskiptum.
Nemendur viðkomandi bekkjarhóps/ hópa fá fræðslu til að efla færni þeirra í að velja rétta afstöðu ef þau verða vör við einelti.
10. Skólinn endurmetur hvort betrubæta þurfi skólabrag með sérstökum aðgerðum
11. Þessi vinna skal ekki taka meiri tíma en einn mánuð.

3. þrep – Eftirfylgni

1. Mánuði eftir að vinnu lýkur hittir umsjónarkennari þolanda og gerendur og fylgir árangri eftir.
2. Foreldrar þolanda og gerenda eru upplýstir um árangur.
3. Eineltisteymi skólans ákveður hvort markmið hafi náðst í málinu og sé svo er því lokað formlega í samráði við foreldra viðkomandi nemenda. Sé ekki svo eru ákvarðanir teknar um framhaldið.
4. Foreldrar í bekkjardeildinni eru upplýstir um að vinnu skv. eineltisáætlun sé lokið.
5. Rætt er við nemendur um árangur vinnunnar.
6. Nemendaverndarráð er upplýst um gang mála.
7. Umsjónarkennari er áfram vakandi yfir samskiptum í viðkomandi bekk/bekkjum.

Eftirfylgni með gerendum heldur áfram og ef þurfa þykir er þeim, ásamt foreldrum, bent á frekari aðstoð með sinn vanda.

Eftirfylgni með þolanda heldur áfram og fylgst með því að hann fái tækifæri til að ræða líðan sína og sé öruggur í skólanum.

Þolanda og foreldrum hans bent á, ýmis úrræði til frekari úrvinnslu varðandi líðan t.d. foreldrahús, sálfræðiaðstoð, félagslega eflingu og/eða ráðgjöf á vegum þjónustumiðstöðva.

Unnið áfram með bekkjarhópinum að forvörnum gegn einelti, samstöðu og góðum bekkjarbrag.

Hvað er ofbeldishegðun?

Ofbeldi er hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis (Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015).

Í skólastarfi Waldorfskólans Sólstafa er það bæði skólastefnan og allt starf skólans sem er heildstæð forvörn gegn ofbeldishegðun. Markvisst er unnið að því að skapa skólabrag sem einkennist af trausti, hlýju og góðum samskiptum nemenda og kennara og einnig milli nemendahópa og einstaklinga.

Þegar barn finnur fyrir ráðaleysi og hegðar sér á ofbeldisfullan máta getur speglun annarra nemenda svo og tengslin við kennarann orðið fyrir miklum áhrifum.

Tilfinningavandi, raskanir og önnur hegðunarvandamál geta valdið vanlíðan og tilfinningu um að vera berskjaldaður, en ef það er leyst með innsæi og hlýju, getur það fært einstaklingnum tækifæri til að upplifa mannlega reisn í samskiptum þar sem barnið nær að gera breytingar á hegðun og líðan sinni.

Forvarnir gegn ofbeldishegðun fylgja ferli fjögurra þátta sem hægt er að nýta til að minnka og fyrirbyggja ofbeldishegðun í samfélagi skólans.

Forvarnir gagnvart ofbeldishegðun fylgja ferli fjögurra greinanlegra þátta.

1. Fyrirbygging
2. Viðbrögð
3. Úrlausn
4. Mat.

1. FYRIRBYGGING: Í því felst að skipuleggja skólastarf, námsumhverfi nemenda og veita starfsfólki og nemendum fræðslu eftir atvikum sem dragi úr líkum á því að vandi vegna ofbeldishegðunar komi upp eða minnki sem mest áhrif hans. Gjarnan nefnt 1. stigs forvörn.

2. VIÐBRÖGÐ: Felur í sér að eiga tiltæk ákveðin viðbrögð eða áætlun þegar vandi/hætta steðjar að. Hlutverk þessa stigs er að stoppa vanda eða koma í veg fyrir frekara tjón. Gjarnan nefnt 2. stigs forvörn.

3. ÚRLAUSN: Stig úrlausnar felur í sér að leita lausna á vanda sem kominn er og velja aðferðir sem líklegar eru til að leysa hann fyrir sem flesta. Vinna að því að

leysa vanda til frambúðar og vinna að því að frekari vandi verði ekki til staðar. Gjarnan nefnt 3. stigs forvörn.

4. MAT: Matsþátturinn er svo sjálfsskoðun í kjölfar þess að hafa gengið í gegnum ferlið eða sem könnun til að fyrirbyggja og bæta ferla og forvarnir.

Áherslur í einstaka forvarnaþáttum . Einstaklingur /Félagslegt umhverfi/
Náttúrulegt umhverfi Forvörn gegn ofbeldi.

Útfærsla á forvarnaþáttum:

Fyrirbygging 1. stig forvarna.

Einstaklingur:Að styrkja sjálfsmýnd nemenda og mæta þeim á kærleiksríkan hátt. Skólastarfið miðar að því að öllum nemendum og starfsfólki geti liðið vel í skólastarfinu og þörfum þeirra sé mætt. Að allt starfsfólk skólans fái góða fræðslu og kunni að bregðast rétt við skv. ferlum vegna hegðunarvanda eða ofbeldishegðunar.

Félagslegt umhverfi: Að skapa jákvæðan skólabrag, andrúmsloft umburðarlyndis vináttu og hlýju, viðhafa skýrar skólareglur, hafa jákvæðar agareglur, skýra eðli ofbeldis og kenna nemendum að ofbeldi er ekki liðið í skólanum.

Náttúrulegt umhverfi: Að skapa aðstæður í skólanum sem miði að því að draga úr líkum á hegðunarvanda og búa til verkferla og æfingar þessu tengd. Allt er gert til að lágmarka að áhættuhegðun valdi skaða í skólastarfi hvorki gagnvart öðrum nemendum eða starfsfólki.

Viðbrögð 2. stig forvarna

Einstaklingur:Að veita frekari fræðslu og stuðning við einstaka nemendur og nemendahópa eftir aðstæðum.

Félagslegt umhverfi:Að eiga skýr viðbrögð við öllu ofbeldi sem mætir nemendum og starfsfólki, þar sem tekið sé á réttan hátt á ofbeldinu í hvaða mynd sem það birtist.

Náttúrulegt umhverfi:Að hafa bjargir til að geta fljótt brugðist við aðstæðum sem upp koma til að draga sem mest úr skaða sem gæti hlotist.

Úrlausn 3. stig forvarna

Einstaklingur: Miðar að því að styðja við nemendur og veita sértæka hjálp þar sem mikill vandi kemur fram/ er til staðar – í sem nánasta samstarfi við aðstandendur.

Félagslegt umhverfi: Miðar að því að ofbeldi verði upprætt sem fyrst og einstaklingar verndaðir gagnvart því.

Náttúrulegt umhverfi: Miðar að því finna úrlausnir til frambúðar við vanda sem hefur sýnt sig og tryggja sem mest að líkur á frekari skaða séu hverfandi eða tjón verði sem allra minnst.

Mat 4. stig forvarna.

Einstaklingur: Reglulega gerðar kannanir á líðan nemenda í skólanum. Reglulega gerðar kannanir á líðan starfsfólks og kennara í starfi.

Félagslegt umhverfi: Reglulega gerðar athuganir t.d. í innra mati skólans, til að átta sig á stöðu og breytingum sem leiða til nauðsynjar þess að breyta og bæta forvarnarþáttum til betri vegar. Kynnt í skólastarfinu.

Náttúrulegt umhverfi: Reglulega gerðar athuganir til að átta sig á stöðu og áhættuþáttum. Dæmi um slíkt eru greiningar, sjálfsmat og æfingar.

Viðbragðsáætlun vegna ofbeldishegðunar.

Fyrstu viðbrögð vegna ofbeldisatviks

Kennari eða starfsmaður metur og leitar leiða til að stöðva ofbeldið samstundis, fær aðstoð annars starfsmanns eftir eðli og aðstæðum. Nemanda tjáð ákveðið að hann þurfi að láta af ofbeldishegðuninni.

Líkamlegt inn grip (nemanda haldið föstum) er neyðarúræði. Aðeins kennari með sérþekkingu á líkamlegu inn gripum má beita því. Starfsfólk vinnur saman. Tafarlaust skal látið af inn gripum um leið og hættu hefur verið afstýrt eða ástand er liðið hjá. Hótanir um ofbeldi eru einnig tilkynningaskyldar og atvikaskráning á þar við.

Upplýsingagjöf bekkjarkennari/ foreldrar/barnaverndarþjónusta

Umsjónar/bekkjarkennara er greint frá atvikinu við fyrsta tækifæri og hann kemur að upplýsingagjöf til foreldra ásamt því að deildarstjóri sérkennslu og skólastjórnandi kemur að úrvinnslu málsins (eftir alvarleika atviks og ef með þarf). Rætt er við viðkomandi nemanda/nemendur sem fyrst. Skólastjórnandi er ábyrgur fyrir tilkynningu atviks til barnaverndarþjónustu (barnaverndarþjónusta rannsakar mál og metur hvort þörf sé á íhlutun).

Atvikaskráning

Kennari eða starfsfólk sem varð vitni/lenti í atvikinu skrái atvikið á þar til gert atvikaskráningablað í skólanum. Atvikaskráning er trúnaðarupplýsingar og geymist sem trúnaðarskjöl.

Samtal/sátt

Viðkomandi nemendur gangi til sátta eins fljótt og hægt er með aðstoð foreldra/bekkjarkennara/skólastjórnanda og er boðin sálræn skyndihjálp eða stuðningur eins fljótt og auðið er. Sáttafundir geta orðið fleiri ef þörf þykir. Sáttafundir séu einnig í því tilfalli að nemandi sýni kennara ofbeldi eða hótun. Starfsfólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi á að fá sálræna skyndihjálp eða stuðning eins fljótt og hægt er. Láta þarf skólastjórnanda vita um atvik strax og alvarlegri atvik ber að tilkynna til Vinnueftirlitsins. Ef áverkar verða vegna ofbeldisatviks skal einnig tilkynna til Sjúkratrygginga Íslands og tryggingafélags skóla.

Endurmat

Ofbeldisatvik sé rætt á kennarafundi og farið yfir vinnubrögð og ferla, hvað var vel gert og hvað þarfnaðist betri vinnubragða. Viðbragðsáætlun sé uppfærð reglulega með tilliti til þess sem kemur fram við endurmat. Eftirfylgni með viðkomandi nemendum, geranda og þolanda um tíma eftir atvikið til að meta líðan og aðstoða við sáttaferli og úrvinnslu. Lögð áhersla á vinnu í viðkomandi bekk með bekkjarsáttmála og góð samskipti. Bekkjarkennari /umsjónarkennari sér um þá ferla. Eftirfylgni sé einnig með líðan starfsfólks og kennara, þeirra sem komu að atvikinu og leystu úr því og þeirra sem urðu fyrir ofbeldi sjálfir. Það sé gert í starfsmannaviðtali. Ennfremur að starfsfólki sem þess óskar sé boðin áfallahjálp/sálgæsla.

Áætlun gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni Í Waldorfskólanum Sólstöfum.

Alþingi samþykkti á síðasta ári þingsályktun, nr. 37/150, um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025.

Í skólanum starfar forvarnarteymi sem hefur það hlutverk að tryggja að í öllum árgöngum fari fram kennsla um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda. Í þessu teymi starfa sömu aðilar og starfa í nemendaverndarráði skólans þ.e. skólastjórnendur, deildarstjóri sérkennslu og sálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og ráðgjafi frá Norðurmiðstöð. Skólastjórnandi eru tengiliður forvarnarteymisins. Kennsla um forvarnir fer fram með ýmsum hætti, með aðkomu bekkjarkennara, skólahjúkrunarfræðings og fleiri aðila sem sjá um forvarnarstarf.

Teymið leitast ennfremur við að tryggja samhæfð viðbrögð þegar börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni.

Skilgreiningar á kynferðislegu ofbeldi gagnvart barni og áhættuhegðun barns

Hvað er kynferðislegt ofbeldi?

Allar kynferðislegar athafnir gagnvart barni eru kynferðislegt ofbeldi, enda getur barn undir kynferðislegum lögaldri ekki gefið upplýst samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum sökum ungs aldurs og þroska. Það á einnig við þegar kynferðislegum orðum eða myndum er beint að barni.

Hvað er áhættuhegðun barns?

Það er áhættuhegðun þegar barn hegðar sér á einhvern þann hátt sem skaðar það eða er líklegt til að

skaða heilsu þess og þroska eða hegðun barns hefur skaðleg áhrif á umhverfi barnsins eða aðra einstaklinga. Má þar nefna sem dæmi:

- Neysla áfengis, vímuefna og annarra efna sem eru hættuleg heilsu og þroska barns.
- Barn skaðar sjálft sig með því að veita sér áverka.
- Barn stundar afbrot t.d. skemmdarverk eða fer ekki eftir lögbundnum útivistartíma barna.
- Barn neytir koffíndrykkja í slíku magni að það getur haft slæm heilsufarsleg áhrif og koffínneysla fer yfir heilsuverndarviðmið.
- Barn á í erfiðleikum í skóla þrátt fyrir aðstoð foreldra.
- Barn beitir aðra ofbeldi.

Einkenni og afleiðingar ofbeldis:

Einkenni og afleiðingar ofbeldis eru ekki alltaf sýnilegar, rétt eins og áverkar eru ekki alltaf sýnilegir.

Einkenni og afleiðingar geta einnig verið mjög mismunandi eftir aldri barns, sem verður fyrir ofbeldinu, viðbrögðum við ofbeldinu og hvaða stuðning barnið fær eftir áfallið.

Kynferðisofbeldi í æsku getur haft

alvarlegar og langvarandi líkamlegar, sálfræðilegar og félagslegar afleiðingar.

Þrátt fyrir ólík einkenni

ofbeldis á börn eru þó nokkur einkenni sem gott er að hafa í huga og vera meðvituð um:

- Árásargjörn hegðun, barn á erfitt með að hemja skap sitt.
- Dregur sig í hlé frá vinum og fjölskyldu.
- Svefnvandamál og martraðir.
- Aukinn orðaforði um kynfæri.
- Kvartar yfir sársauka, pirringi og/eða sýkingar eru á eða við kynfæri.
- Áverkar eru sýnilegir á kynfærum.
- Barnið vill ekki vera skilið eitt eftir með ákveðnum einstaklingum.
- Barnið sýnir kynferðislega hegðun gagnvart leikföngum, öðrum börnum eða í teikningum.
- Barnið er farið að gera aftur hluti sem það er vaxið upp úr eins og að pissa á sig, gráta eða vera mjög háð þeim sem þau treysta.

Mikilvægt er að muna að einkenni barna eftir ofbeldi eru einnig mismunandi eftir aldri og þroska þeirra.

Hjá eldri börnum og unglingum eru einkennin oft:

- Erfiðleikar í skóla og vinnu.
- Afbrot og andfélagsleg hegðun.
- Áfengis- og vímuefnanotkun.
- Erfiðleikar með persónulegar skuldbindingar eins og ástarsambönd.
- Sjálfsvígshugsanir.
- Ofbeldi gegn ástvini.

Viðbragsáætlun – Forvarnir gegn ofbeldi | 2022 Samband íslenskra sveitarfélaga | Menntamálastofnun | 2897 3

Viðbragsáætlun – Forvarnir gegn ofbeldi | 2022 Samband íslenskra sveitarfélaga | Menntamálastofnun | 2897 4

Viðbragðsáætlun:

Grunur um kynferðislegt ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun vaknar þegar:

***Starfsmann grunar að barn hafi verið beitt ofbeldi, búi við vanrækslu eða sé með**

áhættuhegðun.

***Það vaknar grunur um að starfsmaður beiti ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun í garð barns.**

***Barn segir frá.**

Fyrstu viðbrögð starfsfólks:

***Starfsmaður skráir málsatvik á eins nákvæman hátt og mögulegt er, eins fljótt og hægt er.**

*** Starfsmaður hefur samband við næsta yfirmann.**

***Stjórnandi tilkynnir málið til barnaverndar.**

***Ef starfsmaður treystir sér ekki til að leita til stjórnanda skal leita ráðgjafar hjá starfsfólki barnaverndar eða hjá 112.**

***Ef grunur leikur á að barn sé í hættu og stjórnandi er ekki við skal hafa samband við barnavernd eða 112.**

Tilkynning:

*** Stjórnandi tilkynnir málið til barnaverndar.**

*** Utan skrifstofutíma er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar hjá 112.**

Öllum sem starfa með börnum, er skylt að hafa samstarf við barnavernd, sbr. 1. mgr. 20.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samantekt og gátlisti:

1.Grunur vaknar.

2. Tilkynnt til stjórnanda.

3.Mál tilkynnt til barnaverndar um að tilkynning hafi borist.

4.Staðfesting frá barnavernd eða 112.

